

kærubriefum sem gjörðarþoli sendir bæjarstjórninni, gefur hann nákvæmlega sömu upplýsingar um efnahag sinn og hann gaf í áðurnefndu kærubriefi til niðurföfnunarnefndarinnar og hún byggði hækkunina á. Af þessum ástæðum verður ekki hjá því komist að álíta að hin umrædda hækkun á útsvari gjörðarþola sje löglega á lögð og verða hin framkomnu mótmæli því ekki tekin til greina.

Mánudaginn 9. febrúar 1925.

Nr. 68/1924.

**Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)  
gegn

**Bertel Sigurgeirssyni**

(Lárus Jóhannesson).

Brot gegn 262. gr. hegningarlaganna sbr. 38. gr. l. um aðför frá 4. nóv. 1887.

Dómur aukarjettar Ísafjarðar 24. nóv. 1924: Ákærður Bertel Sigurgeirsson á að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð, en fullnustu refsingariinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin.

Allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað greiði ákærður, þar með talin málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns síns, yfirdómslögmanns Páls Jónssonar 25 kr.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur hæstarjettar.**

Svo sem nánara er framtekið í hinum áfrýjaða aukarjettardómi er það sannað í máli þessu, að ákærði hefir í fógetarjetti Ísafjarðar 13. ág. 1924, en þá átti fram að fara lögtak hjá honum fyrir ógreiddum aukaútsvörum til Reykjavíkurkaupstaðar, skýrt rangt frá eignum sínum í eigingjörnum tilgangi og til þess að

firra lögtaksbeiðanda greiðslu á lögmætum gjöldum, og hafði fógetinn þó áður ámint hann um að gefa sanna skýrslu um eignir sínar og bent honum á laga-ábyrgð þá, er hann gæti bakað sjer með rangri skýrslu.

Þetta afbrot ákærða er af undirdómaranum rjetti-lega heimfært undir 262. gr. hegningarlaganna sbr. 38. gr. laga um aðför 4. nóvbr. 1887, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, en svo sem hjeraðsdómarinn hefir gjört, þykir eftir atvikum mega ákveða samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóvbr. 1907 að refsingu ákærða skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef ákærði fullnægir lögmæltum skilyrðum.

Ákvæði aukarjettardómsins um málskostnað í hjerði samþykkjast. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 60 kr. til hvors.

Það athugast, að hjeraðsdómarinn hefir sett aðfararfrest í dóm sinn.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Bertel Sigurgeirsson, á að sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóvbr. 1907 eru haldin.

Um málskostnað í hjerði á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin

málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálaflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Lárusar Jóhannessonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af rjettvísinnar hálfu höfðað gegn ákærdum Bertel Sigurgeirssyni trjesmið á Ísafirði fyrir ósanna skýrslu um efnahag sinn, gefna fyrir fógatarjetti.

Með eigin játningu ákærðs og öðrum gögnum er sannað í málinu, að atvik þess og tildrög eru á þessa leið:

Hinn 13. ágúst þ. á., var í fógatarjetti Ísafjarðar tekið fyrir að gera lögtak hjá ákærdum fyrir aukaútsvari, er hann skuldaði Reykjavíkurborg fyrir árin 1921—23 incl. samtals kr. 250,00. Fór gerðin fram á skrifstofunni með samþykki ákærðs. Var ákærður ámintur um að gefa sanna skýrslu um efnahag sinn, að viðlagðri laganna ábyrgð. En ákærður kvaðst eigi eiga nema lítið eitt af trjesmiðaaáhöldum og íverufatnað. Taldi fógeti að ákærður ætti samkvæmt því eigi neina fjármuni er hægt væri að gera lögtak í. En skömmu síðar hafði dómariinn með höndum, vegna þinglesturs, veðskuldabréf dags. 14. apríl þ. á. fyrirfram innfært til þinglesturs 19. s. m. og þinglesið 14. júlí þ. á. Með brjefi þessu lýsir konan Hrefna Sigurgeirs-dóttir því yfir, að hún skuldi ákærdum og Sigurgeir Sigurgeirssyni, bræðrum sínum 5000 kr. ásamt með 6% vöxtum trygt með 3. veðrjetti í húsi greindrar konu við Hafnarstræti hjer í bænum. Skyldi skuldin greiðast í afborgunum, að minsta kosti með 500 kr. á ári.

Við rannsókn er hafin var gegn ákærdum út af þeasu, kannaðist hann í fyrsta rjettarhaldi 21. ágúst þ. á. við, þegar að honum var gengið, að hann auk þess að eiga hluta í greindu veðskuldabréfi ætti ýmsar aðrar eignir, er meira en nægðu til greiðslu umgetins útsvars, er ákærður hefir greitt að fullu eftir að rannsókn byrjaði. Þennan framburð endurtók ákærður í rjettarhaldi 26. s. m., og er málið kom fyrir aukarjettinn, hafði ákærður að gefnu tilefni frá dómaraum ekkert við framburð sinn að athuga.

Hinsvegar hefir hinn skipaði talsmaður ákærðs hjer fyrir rjettinum viljað vefengja játningu ákærðs hjer að lútandi, á þeim grundvelli, að hann hafi gefið hana sub compulsione. En bæði er, að við framhaldsrannsókn, er dómarrinn hóf ex officio, virðist það vera nægilega upplýst í málinu að svo hafi eigi verið og hitt að talsmaður ákærðs, hefir á síðasta stigi málsins fallið frá þessu og leiðrjett það. En að þannig vöxnu máli verður heldur eigi hægt að taka mark á þeim varnargögnum, er sýnilega virðast búin til eða byggð á hinni röngu forsendu, að játning ákærðs væri gefin sub compulsione, enda hefir ákærður eigi látið í ljósi *neina* ósk við dómara um að hann fyndi ástæðu til að breyta fyrir rjettarframburði sínum í málinu.

Það ber því að leggja framburð ákærðs til grundvallar í málinu.

Talsmaður ákærðs hefir með rjettu athugað, að úrskurður um að lögtak ætti fram að fara hjá ákærðum, var eigi birtur fyrir honum af stefnuvottum. En samkvæmt prófum málsins ljét fógæti fyrst krefja ákærðan um útsvarið, krafði hann svo sjálfur og skrifaði loks bæjargjaldkera Reykjavíkur um málið, er endurnýjaði lögtaksbeiðni sína í brjefi dags. 20. júní þ. á.

Það verður því eigi álitid að umrædd vöntun á birtingu lögtaksúrskurðarins fyrir ákærðum geti beinlínis afsakað atferli hans, en að hinsvegar sje þó ástæða til að sýna honum nokkra linkind fyrir það.

En að því er snertir þá varnarástæðu talsmanns ákærðs, að fógæti hafi eigi fullnægt leiðbeiningarskyldu sinni við lögtakið virðist hún eigi vera á rökum byggð samkvæmt prófum málsins nje heldur sú ástæða talsmannsins, að útsvarskrafan hafi eigi lögtaksrjett, þar sem þó að minsta kosti síðasta árs aukaútsvar hefir lögtaksrjett.

Að rjettarins áliti þykir það nægilega sannað í málinu að ákærði hafi framið verknað, er miðaði til að koma lögmætum eignum sínum undan lögtaki, af eigingirni til að firra lánardrottinn sinn borgun og að það sje nákvæmlega hliðstætt því að fremja þann verknað við aðför.

Brot ákærðs, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og hefir eigi áður sætt ákæru eða verið refsað fyrir neitt lagabrot, ber að heimfæra undir 262. gr. hinna almennu hegningarlaga sbr. 38. gr. laga 4. nóvember 1887 um aðför, og þykir refsing hans með tilliti til 58. gr. hegningarlaganna hæfilega metin

5 daga fangelsi við vatn og brauð. En með tilliti til þess að ákærður hefir viðstöðulaust jatað á sig brotið, þegar að honum var gengið, að hann hegðaði sjer vel bæði fyrir og eftir brotið, að enginn skaði hefir af því hlotist, þykir mega ákveða samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóv. 1907, að refsing hans skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ár, frá uppsögn dómsins, ef ákærður fullnægir lögmæltum skilyrðum. Svo greiði og ákærður allan af málinu leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns síns hjer fyrir rjettinum 25 kr.

Það vottast að málinu hefir verið hraðað lögum samkvæmt og meðferð málsins vítalans.

Mánudaginn 16. febr. 1925

Nr. 45/1925.

**A. Godtfredsen** (L. Fjeldsted)  
 gegn

**Gísla Oddssyni** (Jón Ásbjörnsson).

Útaf samningi um kaup á sild.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 28. maí 1924:  
 Stefnur, A. Godtfredsen, greiði Gísla skipstjóra Oddssyni, kr. 24102,83 með 6% ársvöxtum frá 27. september 1922 til greiðsludags og 300 krónur upp í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur hæstarjettar.

Í ávísun þeirri dags. 7. sept. 1922, er áfrýjandi gaf út til hins upphaflega sækjanda máls þessa í hjeraði, firma Sigurjón Pjetursson & Co., og afhenti því, er það tekið fram, að upphæð ávísunarinnar sje greiðsla fyrir sild afhenta samkvæmt samningi og að af umsömdum 3000 tunnum sjeu 2266 tunnur þegar afhentar samkvæmt farmskírteinum, en það sem á vanti sje tilbúið til útskipunar á Siglufirði.